

Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga

Mál nr. 215/2022 Birt: 10.11.2022

- Innviðaráðuneytið
- Annað
- Málefnasvið:
- Sveitarfélög og byggðamál

Til umsagnar

Umsagnarfrestur er 10.11.2022–28.11.2022. Umsagnir verða birtar jafnóðum og þær berast.

[Senda inn umsögn](#)

Málsefni

Lágmarksatriði sem fram þurfa að koma í reglum sveitarfélaga um íbúakosningar.

Með lögum nr. 83/2022, sem Alþingi samþykkti í sumar, var mælt fyrir um breytingar á ákvæðum sveitarstjórnarlaga sem fjalla um íbúakosningar sem fram fara á vegum sveitarfélaga. Ýmsar ástæður voru fyrir breytingunum, m.a. voru sveitarstjórnarlög óljós um þær reglur sem eiga að gilda um íbúakosningar þar sem vísað var til kosningalaga með mjög almennum hætti, kröfurnar sem kosningalög gerðu til íbúakosninga sveitarfélaga voru íþyngjandi og kostnaðarsamar og þá lék vafi á því hvaða ráðuneyti hefði leiðbeiningarhlutverk vegna íbúakosninga sveitarfélaga, þar sem sveitarstjórnarlög falla undir ráðuneyti sveitarstjórnarmála en kosningalög undir ráðuneyti dómsmála.

Er nú mælt fyrir um í sveitarstjórnarlögum að íbúakosningar sveitarfélaga fari fram á grundvelli reglna sem sveitarfélög setja sér sjálf, en ráðuneyti sveitarstjórnarmála skal setja reglugerð þar sem mælt er fyrir um þær lágmarkskröfur sem gera þarf til íbúakosninga sveitarfélaga. Vinna hefur staðið yfir í haust um gerð reglugerðar um íbúakosningar og hefur vinnan farið fram í miklu samráði við landskjörstjórn og

dómsmálaráðuneytið, auk þess sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrá Íslands og Reykjavíkurborg hafa yfirfarið drög af reglugerðinni.

Birt eru drög að reglugerð ásamt minnisblaði þar sem farið er yfir helstu atriði sem fram koma í reglugerðinni. Helsti munurinn á íbúakosningum sveitarfélaga og þeim kosningum sem fram fara á grundvelli kosningalaga eru eftirfarandi:

- Íbúakosningar fara fram á ákveðnu tímabili og ekki er hefðbundinn kjördagur. Tímabilið getur verið minnst 2 vikur og að hámarki 4 vikur.
- Gert er ráð fyrir að ekki fari fram utankjörfundaratkvæðagreiðsla við íbúakosningar sveitarfélaga. Þess í stað er gert ráð fyrir að sveitarfélög hafi póstkosningu sem mælt er fyrir um í reglugerðinni.
- Mismunandi kröfur eru gerðar til íbúakosningu sem er bindandi og ráðgefandi íbúakosningu.